



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 140/2484
komudagur 15.5.2012

Reykjavík, 14. maí 2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáttak í vegamálum á árunum 2012–2013, 635. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila sameiginlegri umsögn um tillöguna sem er stutt og skorinorð „*Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að efna til framkvæmdaáttaks í vegamálum á árunum 2012–2013. 26,4 milljörðum kr. verði varið til verkefnisins árið 2012 og 29,5 milljörðum kr. árið 2013 sem viðbót við þau verkefni sem hafa verið ákveðin með fjárlögum 2012. Til að fjármagna verkefnið skulu gefin út ríkisskuldabréf sem verði greidd á árunum 2016–2026.*“

Samtökin taka heilshugar undir með flutningsmönnum um nauðsyn þess að auka fjárfestingu í innviðum samfélagsins. Í umfjöllun um samgönguáætlun fyrir í vor tóku samtökin eindregið undir hugmyndir um flýtingu stórra framkvæmda í samgöngumálum. Um er að ræða þær þrjár leiðir sem liggja til og frá höfuðborginni, þ.e. tvöföldun Vesturlandsvegjar, tvöföldun Suðurlandsvegjar auk nýrrar brúar yfir Ölfusá, að lokið verði við tvöföldun Reykjanesbrautar og ráðist í gerð Vaðlaheiðarganga. Framkvæmdirnar eru þjóðhagslega hagkvæmar vegna mikils umferðarmagns og hárrar tjóna- og slysatíðni á þessum leiðum. Tvöföldun stofnbrauta umhverfis höfuðborgarsvæðið með vegriðum og öruggum gatnamótum mun bæta umferðaröryggi og fækka slysum og munatjónum mjög mikið.

Í greinargerð með tillögunni er réttilega vakin athygli á mikilvægi þess að viðhalda lágmarks verkþekkingu í vegagerð sem að óbreyttu er að fjara út meðal íslenskra fyrirtækja. Innlend verkþekking og viðbragðsgeta er nauðsynleg til að reka vegakerfið og byggja upp til framtíðar.

Fjárfestingar á Íslandi um þessar mundir eru í sögulegu lágmarki og lífsnauðsynlegt er fyrir íslenskt efnahagslíf að allra leiða sé leitað til þess að auka framkvæmdir og fjárfestingar. Þetta endurspeglar ríkisstjórnin í yfirlýsingu sinni við undirritun kjarasamninga þann 5. maí í fyrra en þar segir m.a. að reyna eigi „*til þrautar að finna útfærslur sem gera mögulegt að ráðast í umfangsmiklar samgönguframkvæmdir á Suðvesturlandi og eftir atvikum víðar, fjármagnaðar með sérstökum hætti*“. Þetta hefur ekki verið gert og brýnt að ráða þar bót á.

Samtökin telja afar mikilvægt að vernda þá miklu fjárfestingu sem þegar liggur í samgöngukerfinu og að viðhald þess verði ekki látið sitja á hakanum við skiptingu takmarkaðra fjármuna eins og virðist blasa við að óbreyttu. Án fullnægjandi viðhalds ganga fastafjármunir hratt úr sér og endurnýjun síðar verður mun dýrari en ella. Samtökin óttast að stórkostlegt tjón verði á vegakerfinu ef ekki verður varið meiru til viðhalds en ráð er fyrir gert.

Framkvæmdaáttakið fellur einnig vel að ýmsum smærri þáttum sem samtökin hafa látið sig varða og telja mikilvæg. Má þar nefna fjölgun hvíldarstæða atvinnubílstjóra og fækkun einbreiðra brúa. Verkefni sem miða að auknu öryggi í vegakerfinu eru brýn að mati samtakanna og eftir þeim hefur lengi verið kallað.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Þrátt fyrir það sem hér er sagt er nauðsynlegt að skoða fyrirhugaðar framkvæmdir í tengslum við ábyrga stefnu í ríkisfjármálum og huga að gjaldtöku í vegakerfinu til framtíðar. Veggjöld henta vel til fjármögnunar þeirra framkvæmda sem taldar eru upp hér að ofan og þegar innheimta þeirra hefst, gæti nýtt kerfi gjaldtöku fyrir notkun umferðarmannvirkja verið í sjónmáli.

Einnig er bent á mikilvægi þess að Vaðlaheiðagöng verði sem fyrst að veruleika.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins